

Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 4. mars 2026 kl. 19:30 á Zoom.

Mættir: Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AÍFS, Tryggvi Magnús Þórðarson KK og Aðalsteinn Símonarson BÍKR.

Fundargerð ritaði AS

1. Tímatökubúnaður

Frá því að keppnisráðið kom saman síðast hefur verið unnið að því að klára tæknilega samþættingu og undirbúning samstarfs Race Control Island og þeirra félaga sem halda keppnir í rally, þ.e. AIFS, BÍKR, BS og KK. Líkur eru á að gengið verði frá samningi á næstu dögum.

2. Lokanir sérleiða

TMP er að vinna drög að tillögum, mun deila þeim með ráðinu á næstu dögum. Stefnum á að hafa klárt fyrir miðjan mars.

3. Reglur fyrir jepparally

TMP og AS hafa gert grunn sem Regluráð hefur farið lauslega yfir. Skoðun á reglum frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

- Sjúkrafulltrúi** – borist hefur fyrirspurn um hvaða stig bráðliði þyrfti að vera með til að geta gegnt hlutverki sjúkrafulltrúa, sjá grein 5.3.1 í Keppnisgreinareglum fyrir rally. Ráðið telur eðlilegt að viðkomandi hafi löggildingu sem sjúkraflutningamaður og æskilegt að hann hafi gild EMT-A réttindi. Ákveðið var að leita til Sjúkraflutningaskólans um aðstoð við skilgreiningu á réttindum.
- Staðreyndadómarar** – ráðið hyggst ekki halda námskeið fyrir staðreyndadómara fyrir komandi keppnistímabil.

Næsti fundur verði haldinn í vikunni 16. – 20. mars.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 20.22